

Fjölmiðlafrumvarp í almenna kynningu

Á [vef mennta- og menningarmálaráðuneytis](#) eru drög að nýju fjölmiðlafrumvarpi sem lögð hafa verið fram til kynningar. Með nýju fjölmiðlafrumvarpi er stefnt að því að setja í fyrsta sinn heildarlöggjöf um fjölmiðla og starfsemi þeirra hér á landi. Frumvarpið felur í sér að sameinaðar og samræmdar eru reglur sem ná annars vegar til hljóð- og myndmiðla skv. [útværpslögum nr. 53/2000](#) og hins vegar prentmiðla skv. [lögum um prentrétt nr. 57/1956](#). Tilfæni þess að ráðist var í frumvarpsgerðina má rekja til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/65/EB frá 11. desember 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 89/552/EBE um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla um sjónvarpsrekstur. Við það er miðað að tilskipunin hafi verið innleidd fyrir 19. desember 2009.

Helstu atriði frumvarpsins eru:

- » Innleiðing nýrrar tilskipunar Evrópusambandsins um hljóð- og myndmiðla sem breytir gildissviði núgildandi útvarpslaga og grundvallarhugtökum þess.
- » Að setja samræmdar reglur sem gilda um alla fjölmiðla, bæði hljóð- og myndmiðla og ritmiðla.
- » Að samræma ábyrgðarreglur í ólíkum fjölmiðlum.
- » Að þeir fjölmiðlar sem nú eru leyfisskyldir verði það áfram en aðrir fjölmiðlar verði skráningarskyldir til að almenningur geti haft yfirlit yfir íslenska fjölmiðla og eignarhald þeirra.
- » Að settar verði reglur um gagnsæi eignarhalds á fjölmiðlum.
- » Að settar verði reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði.
- » Að settar verði ítarlegri reglur sem vernda heimildarmenn blaða- og fréttamanna.
- » Að settar verði lágmarksreglur um auglýsingar í öllum fjölmiðlum, auk ítarlegri reglna er leiða af tilskipun ESB um hljóð- og myndmiðla.
- » Að stjórnsýsla verði samræmd og eftirlitið taki til allra fjölmiðla, þ.m.t. eftirlit með áfengis-, tóbaks-, lyfja-, happdrættis- og veðmálaauglýsingum, en ólíkir aðilar hafa haft eftirlit með auglýsingum í ólíkum miðlum hingað til.
- » Að settar verði reglur sem takmarka frekar en nú er markaðssetningu gegn börnum í hljóð- og myndmiðlum.
- » Að settar verði reglur um flutningsrétt og flutningssskyldu til að tryggja samkeppni á fjölmiðla- og fjarskiptamarkaði.
- » Að skipuð verði nefnd til að kanna samþjöppun á eignarhaldi á fjölmiðlamarkaði og eftir atvikum ef með þarf að koma með tillögur að takmörkunum á eignarhaldi á fjölmiðlum.

Þeir sem vilja koma á framfæri athugasemdum við frumvarpið er bent á að senda athugasemdir til mennta- og menningarmálaráðuneytis á netfangið postur@mrn.stjr.is eigi síðar en 11. nóvember 2009.



Katrín Jakobsdóttir, Margrét Frímansdóttir og Páll Winkel fangelsismálastjóri

Heimsókn á Litla-Hraun

Þann 16. október síðastliðinn heimsótti Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra ásamt fylgdarliði [fangelsið á Litla-Hrauni](#). Skoðaði hún aðstæður fanga og starfsmanna og fékk kynningu á því námi sem þar fer fram í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi. Margrét Frímansdóttir fangelsisstjóri tók á móti ráðherra. Fangar hittu einnig ráðherra og kynntu henni sín sjónarmið varðandi nám í fangelsinu.

Rannsókn á skapandi vinnu, nýsköpunar- og frumkvöðlamennt á Norðurlöndum

Þema formennskuáætlunar Íslendinga er menntun, sköpunarkraftur og frumkvæði á tímum hnattrænna breytinga. Á fundi mennta- og menningarmálaráðherra hér á landi í apríl sl. var ákveðið að standa fyrir samanburðarrannsókn á skapandi vinnu, nýsköpun og frumkvöðlamennt á Norðurlöndum. Rannsóknin verður hluti af norrænu hnattvæðingarverkefni sem fjallar um menntun ungra og fullorðinna. Ákveðið hefur verið að óska eftir tilboðum í framkvæmd rannsóknarinnar og er gert ráð fyrir að rannsóknin verði

unnin á árunum 2009 – 2010. Nánari upplýsingar um útboðið er að finna á [vef Norðurlandaráðs](#).

Rannsókninni er ætlað að draga fram atriði sem styrkja nemendur, unga og fullorðna, í skapandi starfi og efla frumkvæði í norrænum menntakerfum. Ráðgert er að Norðurlöndin hafi niðurstöðurnar til hliðsjónar við áframhaldandi stefnumótun og aðgerðir.

Fundur samstarfsnefndar framhaldsskóla

Mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, átti fund með skólameisturum allra framhaldsskóla mánudaginn 19. október síðastliðinn. Þar ræddi ráðherra um stöðu skólanna

og helstu verkefni svo sem við innleiðingu laga um framhaldsskóla, undirbúning nýrrar námskrár, innritun og fræðsluskyldu við ólöggráða nemendur. Ráðherra lagði áherslu á nokkrar grunnstoðir í allri menntun; læsi í víðum skilningi, lýðræði, jafnrétti, menntun til sjálfbærni og skapandi skólastarf. Að lokinni ræðu sinni tók ráðherra þátt í umræðum og svaraði fyrirspurnum skólameistara. [Ávarp ráðherra](#) Á fundinum var fjallað um fjármál skólanna og viðbrögð þeirra við lækkandi fjárveitingum. Einnig um gerð nýrra þjónustusamninga ráðuneytis og skóla, innritun í ljósi nýrra laga, námskrárgerð og þróunarverkefni í

